



Reykjavík, 21. febrúar 2014

Fundargerð 129. fundar.

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 21. febrúar 2014 var haldinn 129. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Erling Ásgeirsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Dagur B. Eggertsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, vara-slökkviliðsstjóri. Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir lið 1. Undir lið 2. sátu fundinn Árni Claessen og Svava Ólafsdóttir endurskoðendur frá KPMG.

Fundarstjóri var Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, varaformaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Viðræður við ríkið vegna sjúkraflutninga

Í framhaldi af fundi Gunnars Einarssonar með heilbrigðis- og fjármálaráðherra þann 6. febrúar s.l. var settur saman viðræðuhópur til að sannreyna/áreiðanleikakanna þær tölur sem eru í samkomulagsgrundvelli frá 1. febrúar 2013. Frá SHS eru Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar. F.h. heilbrigðisráðherra er Haraldur L. Haraldsson og f.h. fjármálaráðherra Viðar Helgason. Nái aðilar ekki saman fyrir 10. mars 2014 skal hefja viðræður um verklok.

Jón Viðar og Birgir Björn fóru yfir viðræðurnar og stöðu mála.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað af fundi Gunnars Einarssonar með fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra, dags. 06.02.2014.

Afgreiðsla: Málið rætt.

2. Ársreikningar 2013

Jón Viðar og endurskoðendur frá KPMG, Árni og Svava, fóru yfir ársreikninga SHS fyrir árið 2013. Þeir lagðir fram til samþykktar og undirskriftar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2013, dags. 21.02.2014.
- Ársreikningur SHS fasteigna, dags. 21.02.2014.
- Ársreikningur AHS almannavarna, dags. 21.02.2014.
- Endurskoðunarbréf KPMG vegna ársins 2013, dags. 21.02.2014.

Afgreiðsla: Ársreikningar fyrir árið 2013 samþykktir og undirritaðir.


Næsti fundur verður föstudaginn 21. mars 2014 kl. 08.00.

Fundi slitið klukkan 09.00.


Fylgiskjöl:

- Minnisblað af fundi Gunnars Einarssonar með fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra, dags. 06.02.2014.
- Ársreikningur SHS 2013, dags. 21.02.2014.
- Ársreikningur SHS fasteigna, dags. 21.02.2014.
- Ársreikningur AHS almannavarna, dags. 21.02.2014.
- Endurskoðunarbréf KPMG vegna ársins 2013, 21.02.2014.


Reykjavík, 21. febrúar 2014




Dagur B. Eggertsson




Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir




Erling Ásgeirsson



Ármann Kr. Ólafsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson